Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 06.03. 2015. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14.00-15.30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir, Tómas Gísli Guðjónsson, Hilmar A Sigurðsson, Reynir Þór Magnússon, Jóhanna Inga Hjartardóttir, Aníta Ómarsdóttir, Guðbjörg Norðfjörð, Kiddi (fjarverandi) og Eyþór (fjarverandi) .

Dagskrá

1. **Skóladagatal 2015-16.**
   a) Skóladagatal fyrir skólaárið 2015-16 lagt fram til kynningar og tekið var við athugasemdum. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu skólaráðs.
2. **Heimnámsstefna Hraunvallskóla – drög lögð fram.**
   a) Farið var yfir drög að heimanámsstefnu Hraunvallaskóla. Hilmar mun fá umsögn frá foreldrafélagi Hraunvallskóla. Skólaráði leist vel á þá vinnu sem búið var að vinna. Málið tekið upp aftur þegar umsögn frá foreldrafélagi og nemendum liggur fyrir.
3. **Endurskoðun á skólastefnu Hafnarfjarðar**
   a) Kynnt bréf frá stýrihópi um endurskoðun á skólastefnu Hafnarfjarðar. Óskað er eftir skriflegum ábendinum um atriði og hugmyndir sem betur megi fara í skólastefnunni. Nokkur umræða var um skólastefnuna og ákveðið var að Aníta myndi taka saman punkta sem skólaráð myndi senda á stýrihópinn.
4. **Húsnæðismál**
   a) Guðrún og Lars sögðu frá tveimur fundum sem þau höfðu setið í vikunni. Annar var um breytingar á skólahúsnæði en byrjað er að teikna upp fyrirhugaðar breytingar. Stjórnendur komu á framfæri athugasemdum varðandi útfærslur en næsti fundur um húsnæðismál verður fyrir páska. Þá eiga að teikningar að liggja fyrir. Hinn fundurinn var með bæjarstjóra og fræðslustjóra og var um skólamál á Völlunum og framtíðarhugmyndir um húsnæðismál Hraunvallaskóla. Þeir hafa óskað eftir að hitta skólaráð 17. apríl (næsti fundur) og ræða þessi mál.
5. **Önnur mál**
   a) Lars og Guðrún upplýstu skólaráð um náms- og þjálfunarferð á vegum ERASMUS+ sem stjórnendur Hraunvallaskóla eru að fara 16.-20. mars. Greint var frá hvernig afleysing fyrir stjórnendur yrði umrætt tímabil.
   b) Sagt var frá að búið er að kaupa hjartastartara sem er staðsettur hjá ritara.
   c) Minnt var á að ekki er búið að ganga frá lóð kringum hús á Fléttuvöllum. Lars mun hafa samband við Erlend Hjálmarsson um málið.
   d) Rætt var um ruðningsmál og bent á að ekki sé rutt nógu vel kringum bílastæði fatlaða leikskólamegin.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland